


Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2011
Tilvísun: UST20110300081/vgh

Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, vegna færslu Búðarháslínu

Vísað er til bréfs Rúnars Guðmundssonar skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings, dags. 15. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, vegna færslu Búðarháslínu.

Breytingin tekur til breytingar á legu Búðarháslínu 1, yfir Búðarháls og breyttrar afmörkunar á námum í Búðarhálsi. Legu Búðarháslínu 1 er breytt og þremum námum er breytt á uppdrætti af Holtamannafrétti. Með breytingunni mun nýja línustæðið liggja frá Búðarhálsvirkjun og í megindrættum beint í suður yfir Búðarháls og þvert að Hrauneyjafosslínu 1. Línan fer yfir Tungnaá rúmum 3 km austar en áður var gert ráð fyrir. Samsvarandi breyting verður gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarháslínu 1, frá 2001. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að breytingin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matsskyld. Helstu umhverfisáhrifin af framkvæmdinni verða sjónræns eðlis þ.e. þar sem lína kemur ofan af Búðarhálsi að núverandi háspennulínum Hrauneyjarfosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Mótvægisáðgerðir felast í því að samnýta vegi fyrir virkjun og háspennulínu og umhverfisáhrif þannig minnkuð.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Virðingarfyllst

Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Vilborg G. Hansen
sérfræðingur